

11. mars 2022
Tilv.: 2202097

Dreifibréf nr. 8/2022
til lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og
Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Viðmiðunarreglur EBA um skilyrði fyrir fjárstuðningi innan samstæðu.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) um skilyrði fyrir fjárstuðningi innan samstæðu (EBA/GL/2015/17) skv. 23. gr. tilskipunar 2014/59/ESB (BRRD).¹ Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar [hér](#).

Kveðið er á um fjárstuðning innan samstæðu í 109. gr. a – 109. gr. f laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og III. kafla reglugerðar (ESB) 2016/1075, sbr. reglur nr. 666/2021. Í 109. gr. d laganna er kveðið á um að heimilt sé að veita slíkan fjárstuðning sé nánar tilteknum skilyrðum fullnægt. Viðmiðunarreglurnar fjalla nánar um umrædd skilyrði og er þeim ætlað að styðja samstæður lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og eftirlitsstjórnvöld við að meta hvort skilyrðunum sé fullnægt.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, nr. 24/2017, eiga lögbær yfirvöld og eftirlitskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum evrópsku eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálakerfisins auk þess að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) beinir því til samstæðna lánastofnana og verðbréfafyrirtækja að kynna sér framangreindar viðmiðunarreglur EBA/GL/2015/17 og taka mið af þeim í starfsemi sinni. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunareglurnar í eftirlitsframkvæmd og við mat á því hvort kröfum samkvæmt þeim ákvæðum laga og reglna sem fjallað er um hér að framan er fullnægt.

Dreifibréf þetta mun birtast á vefsíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna.

¹ Guidelines specifying the conditions for group financial support under Article 23 of Directive 2014/59/EU.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS
Fjármálaeftirlit

Elmar Ásbjörnsson
framkvæmdastjóri
bankar

Hjálmur Nordal
forstöðumaður
bankar

